



Dalabyggð, kt. 510694-2019 og Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN), kt. 670269-0789 gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

## 1. Um samningiñn

Samningi þessum er ætlað að efla starf UDN og aðildarfélaga þess með megináherslu á barna- og ungmannastarf auk þess að stuðla að auknu samstarfi milli UDN og Dalabyggðar á sviði íþrótt- og æskulýðsmála. Áhersla skal lögð á að öllum börnum og ungmennum í Dalabyggð gefist kostur á að taka þátt í fjölbreyttu og uppbyggilegu íþrótt- og æskulýðsstarfi með áherslu á forvarnir og heilsueflingu.

Í samningi þessum er UDN samnefnari fyrir öll aðildarfélög sín og deildir sem hafa starfssvæði innan Dalabyggðar. Samningnum er ætlað að styrkja starfsemi innan Dalabyggðar en skal ekki skaða aðildarfélög UDN sem starfa utan Dalabyggðar.

## 2. Tilgangur, markmið og hlutverk

Tilgangur og markmið með samstarfi UDN og Dalabyggðar er:

- að skapa sterka umgjörð um íþrótt- og æskulýðsstarf í sveitarféluginu.
- að stuðla að samfellu í skóla, íþrótt- og félagsstarfi barna í sveitarféluginu.
- að færa ákvörðunarvald íþrótt- og félagstengdra málefna nær félagsmönnum hreyfingarinnar.
- að stuðla að forvörnum m.a. með fræðslu um skaðsemi vímuefna.

Leiðir að þessum markmiðum eru m.a.:

- að Dalabyggð hafi að störfum íþrótt- og tómstundafulltrúa í samráði við UDN.
- að skipað verði fagráð til stuðnings íþrótt- og tómstundafulltrúa þar sem fulltrúar UDN, fræðslunefndar, ungmannaráðs, Auðarskóla og annarra starfandi íþrótt-, æskulýðs- og tómstundafélaga eiga sæti. Skipun fagráðs verði nánar skilgreint í erindisbréfi.
- að UDN og Dalabyggð semji sameiginlega starfslýsingu fyrir starfið í samráði við fagráð.

Hlutverk UDN samkvæmt samningi þessum er:

- að skipuleggja og sjá um íþróttastarf barna og ungmenna í Dalabyggð í samráði við íþrótt- og tómstundafulltrúa og aðstoða eftir föngum við þátttöku þeirra í íþróttaviðburðum eða keppnum utan sveitarfélagsins.
- að skipuleggja 2 – 4 tíma á viku fyrir gjaldfrítt íþrótt- eða félagsstarf á starfstíma grunnskóla hjá nemendum í 1. – 4. bekk grunnskólans í samráði við íþrótt- og tómstundafulltrúa og stjórnendur Auðarskóla.
- að ráðstafa starfsstyrkjum frá Dalabyggð til aðildarfélaga sinna og deilda.
- að hafa ávallt tiltækar upplýsingar um framboð á íþróttastarfi í sveitarféluginu og miðla þeim á skilvirkan hátt til íbúa sveitarfélagsins.
- að koma ábendingum til sveitarstjórnar um þarfir og forgangsröðun framkvæmda er varða uppbyggingu og endurbætur íþróttamannvirka.
- að gera Dalabyggð grein fyrir starfsemi og nýtingu fjármunanna.

Hlutverk Dalabyggðar samkvæmt samningi þessum er:

- að styðja bæði fjárhagslega og með óbeinum hætti við starfsemi UDN.
- að hvetja íþróttahreyfinguna til að leggja áherslu á forvarnir og heilsueflingu í starfi sínu.
- að hafa að störfum íþrótt- og tómstundafulltrúa, leggja til starfsaðstöðu og sjá um launamál.

### 3. Samskipti UDN og Dalabyggðar

Fulltrúi UDN, fulltrúi Dalabyggðar og íþróttá- og tómstundafulltrúi skulu hittast í það minnsta fjórum sinnum á ári og fara yfir þau verkefni sem eru á döfinni, samskipti sín á milli og efndir samnings að öðru leyti. Íþróttá- og tómstundafulltrúi skal hitta fagráð a.m.k. tvisvar sinnum á ári þar sem fara skal yfir sömu mál auk framtíðarverkefna er varða íþróttá- og tómstundamál.

### 4. Fjármál og styrkir

Framkvæmdastjórn UDN

Íþróttá- og tómstundafulltrúi er ráðinn í 100% starf hjá Dalabyggð og fær auk þess greidda 20 yfirvinnutíma pr. mánuð. Íþróttá- og tómstundafulltrúi er einnig framkvæmdastjóri UDN og er starfshlutfallið metið 20% af heildarlaunum. UDN greiðir Dalabyggð **mánaðarlega skv. reikningi** vegna þessa.

Starfsstyrkur

Dalabyggð greiðir UDN fastan starfsstyrk vegna barna- og ungmannastarfs sambandsins, að lágmarki 1,1 millj. kr. á ári, fyrir árin 2017, 2018 og 2019. Fjárhæðin getur hækkað skv. fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkupphæðin skal greidd til UDN fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

UDN ráðstafar fjármunum þessum og ákveður greiðslur til aðildarfélaga sinna og deilda sem hafa starfssvæði innan Dalabyggðar. Við úthlutun styrkja milli félaga, deilda, íþróttagreina og verkefna skal UDN m.a. taka tillit til umfangs barna- og ungmannastarfs og kostnaðar við það, aldurssamsetningar, fjölda iðkenda/virkra þáttakenda og tilfallandi verkefna eða aðstæðna.

Afnot af íþrótttaaðstöðu og forgangur

Dalabyggð útvegar UDN aðgengi að íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins, íþróttahúsi, sundlaug, íþróttavelli og sparkvelli til æfinga og keppni samkvæmt skipulagi sambandsins og samkomulagi samningsaðila um nýtingu, sbr. eftirfarandi:

Dalabyggð hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur. Almenna reglan er að nemendur hafi fyrsta forgang, svo UDN og síðan eru almennir tímar. Hliðra skal til æfingatímum félaga vegna sérstakra atburða á vegum sveitarfélagsins.

Óbeinir styrkir

Dalabyggð styrkir UDN á óbeinan hátt, m.a. með aðgangi að íþróttamannvirkjum og félagsheimilum sveitarfélagsins án endurgjalds vegna verkefna eða viðburða sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, s.s. vegna beinna nota í tengslum við íþróttá- og æskulýðsstarf, heilsueflingu og vegna fundarhalda, einnig til geymslu á minni áhöldum og búnaði samkvæmt samkomulagi. UDN kappkostar að ganga vel um húsnæði og aðstöðu sveitarfélagsins sem það fær til afnota og að brýna slíkt fyrir aðildarfélögum/deildum sínum.

Öll afnot UDN af íþrótttaaðstöðu og húsnæði sveitarfélagsins færast sem styrkur Dalabyggðar til UDN í bókhaldi sveitarfélagsins. Á árinu 2017 er þessi húsaleigustyrkur metinn kr. 1.000.000,- . Afnotin skulu vera innan opnunartíma mannvirkja og taka tillit til aðstæðna eins og viðhalds, endurbóta og slíks af hálfu sveitarfélagsins. Ef sérstakar óskir koma fram um aðra tíma þá skal afgreiða þær óskir sérstaklega.

### 5. Kappleikir, fjölliðamót og aðrir viðburðir

Þegar kappleikir, fjölliðamót og aðrir viðburðir á vegum UDN eða samstarfsaðila þess eru á/í íþróttamannvirkjum Dalabyggðar, skal UDN sjá um eftirfarandi ef við á:

- uppsetningu auglýsingaskulta og frágang þeirra að leik loknum eða keppni,
- uppsetningu lausabúnaðar og frágang í lok leiks eða keppni,
- sölu aðgöngumiða og veitinga
- gæslu og dyravörslu,
- tiltekt á öllu því húsrými eða svæði sem íþróttafélagið hefur til afnota hverju sinni þegar íþróttaviðburðir fara fram, kappleikir eða fjölliðamót. Í því felst m.a.að hreinsa rusl af því svæði sem notað var og ganga frá aðstöðu í hefðbundið form. Skal umsjónarmaður kappleikja, fjölliðamóta eða annarra viðburða félags, mæta a.m.k. einni klukkustund áður en mótt hefst og taka

á móti liðum og kynna þeim umgengnisreglur íþróttamannvirkjanna og sjá til þess að þeim sé framfylgt.

Þegar kappleikir, fjölliðamót og aðrir viðburðir á vegum UDN eða samstarfsaðila þess, eru í íþróttamannvirkjum Dalabyggðar, skal Dalabyggð sjá um eftirfarandi:

- að búnaður sem tilheyrir mannvirkjunum sé tiltækur og mannvirkin tilbúin til notkunar
  - ræstingu á öllu því húsrými eða svæði sem íþróttafélagið hefur til afnota hverju sinni þegar íþróttaviðburðir fara fram, kappleikir eða fjölliðamót.

## 6. Þjálfarar

Stjórn UDN skuldbindur sig til að hafa ákvæði í þjálfarasamningum, um að þjálfari eða staðgengill hans skuli mættir 10 mínútum áður en æfing hefst. Þjálfara eða staðgengli hans ber að fara eftir reglum hússins og sjá um að iðkendur fari einnig eftir þeim, sýni öguð samskipti, góða umgengni og fari að tilmælum starfsmanna.

## 7. Rekstrar- og starfsskýrsla

UDN skuldbindur sig til að skila rekstrar- og starfsskýrslu til Dalabyggðar fyrir 1. maí ár hvert. Aðildarfélög og deildir UDN skulu fyrir 1. apríl skila UDN skýrslu um starf sitt fyrir liðið ár og skal heildarskýrsla UDN m.a. byggjast á þeim. Í rekstrarskýrslum skulu koma fram upplýsingar um starfsemi UDN og aðildarfélaga þess á liðnu ári og skipting starfsstyrkja frá UDN vegna barna- og ungmannastarfs til aðildarfélaga og deilda á liðnu ári.

## 8. Íþróttamannvirkir

Dalabyggð á og rekur íþróttahús, sundlaug, sparkvöll og frjálsíþróttavöll og leggur metnað í að halda þessum mannvirkjum í góðu ástandi. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með umhirðu og undirbúningi frjálsíþróttavallar þ.m.t. merkingum og slætti. UDN aðstoðar við merkingar og annan undirbúning vegna móta. Dalabyggð og UDN skipta á sig kaupum á búnaði fyrir íþróttamannvirkin samkvæmt efnum og aðstæðum hverju sinni. Stjórn UDN og íþrótt- og tómstundafulltrúi setja upp og viðhalda búnaðarlista yfir áhöld og tæki sem notuð eru til íþrótt- og tómstundastarfs, þar sem tilgreint er hver sé eigandi, hvar bau eru geymd, og sjá til bess að búnaðurinn sé varðveisittur með fullnægjandi hætti.

Dalabyggð leitast við að halda áfram uppbyggingu íbróttamannvirkja eftir föngum.

## 9. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2017 og gildir til ársloka 2019. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skulu samningsaðilar undirrita nýjan samning með áorðnum breytingum.



Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

Búðardal 22. mars 2017

Heiðrún Sandra  
F.h. UDN  
Heiðrún Sandra Grettisdóttir formaður  
með fyrirvara um staðfestingu stiðrpar

Vottar að réttum undirskriftum og dagsetningu:

Svina Krim Jónasson 261185-2608  
Nafn Kennitala

Valdis Einarsdóttir 180564-3659